



ÁSLANDSSKÓLI - FRÉTTABLAÐ

FLÓRGOÐINN

Meðal efnis í þessum Flórgoða:

- Hreinsun í hrauni
- EKKI MEIR—leiðarvísir í aðgerðum
- 89% í mat
- Skipulagsdagur
- Vímuefnarannsókn
- Brunaæfing
- Nestisbox í stað plastpoka
- Danir í heimsókn
- Vinastaður
- Hlaupið til góðs
- Starfsfólk
- Tröllaheimar
- **PABBI / MAMMA—PINN ÁHUGI SKIPTIR MÁLI**

Pistill skólastjóra bls 3

HREINSUN Í HRAUNI

ÞJÓNUSTA VIÐ SAMFÉLAGIÐ

Áslandsskóli tók þátt í verkefninu Hreinsun í Hrauni á dögnum en nemendur úr 6. bekk skólans eru okkar fulltrúar. Fellur slíkt vel að einni af hornstoðum skólans, þjónustu við samfélagið.

Hraunavinir, félag áhugamanna um byggðapróun og umhverfismál í Hafnarfirði, Garðabæ og á Álftanesi standa að hreinsuninni í hrauninu sunnan við Straumsvík og taka þrjár skólar í Hafnarfirði árlega þátt í að aðstoða við hreinsunina og er Áslandsskóli einn af þeim.

Að sögn umsjónarkennara gekk tiltektin í hrauninu mjög vel og voru börnin til fyrirmyndar. Áður en lagt var af stað fóru kennarar vel yfir með nemendum hvað ætti að týna, hvað ætti að láta vera og hvað ætti ekki að handleika.

Nemendur fundu ýmsilegt, má þar nefna bein af kindum og vöktu þau mikla athygli. Voru margir á því að þarna væri einhver fundinn sem hefði týnst fyrir mörgum árum. Þau voru mjög hissa á því rusli sem finnst á svona afskekktum stað og urðu miklar vangaveitur um það.

Mikið nám er fólgið í ferðum sem þessari, náttúrufræði og umhverfismennt og ekki verra að það fór fram í fallegu umhverfi í veðurblíðu.

NESTISBOX Í STAÐ PLASTPOKA

Notkun plastefna eykst í sífellu og sjálfsagt geta fæstir ímyndað sér veröldina án plasts. En plastinu fylgja stór vandamál. Fyrir utan það að sumar plasttegundir geta smitað eiturefnum í fæðu safnast ómælt magn af plasti upp í náttúrunni og brotnar ekki niður. Hægt er að endurnýta plast, en aðeins lítið brot af því skilar sér inn á endurvinnslustöðvarnar.

Stór hluti nemenda hefur meðferðis nesti í plastpokum í skólann, plastpokum sem fara síðan beint í ruslið. **Umhverfisteymi skólans mælist til þess að nemendur nýti margnota nestisbox frekar en plastpoka.**

GOÐI segir:



Sýnum námi barna okkar áhuga—þá ná þau betri árangri og líður betur.

Flórgoðinn er fréttablað Áslandsskóla.

Útgáfa blaðsins er rafræn og tölublað má einnig finna á vefsetri skólans www.aslandsskoli.is

EKKI MEIR— leiðarvísir í aðgerðum

Júlíana Jónsdóttir námsráðgjafi og Kolbrún Baldursdóttir skólasálfræðingur gengu á dögunum í alla bekkir Áslandsskóla og ræddu við nemendur um framkomu og einelti.

Stuðst er við bókina EKKI MEIR sem er leiðarvísir í aðgerðum gegn einelti fyrir starfsfólk skóla, íþrótta- og æskulýðsfélög, foreldra og börn. Einnig var bókinn MÁ ÉG VERA MEMM? lesin fyrir yngstu nemendurna, en sú bók fjallar um stelpu sem er lögð í einelti í skólanum sínum.

Nemendur tóku heimsókn þeirra undantekningalaust vel og eru meira en tilbúnir til að leggja sitt að mörkum til að allir geti hlakkað til að koma í skólann á morgnana.

Markmiðið er að halda umræðunni lifandi í vetur með fjölbreyttum hætti og biðjum við ykkur að gera slíkt hið sama á heimilinu.

Bókina **EKKI MEIR** er hægt að fá til láns á bókasafni skólans, einnig er hún til sölu í afgreiðslunni og kostar kr. 2990. Bókin kemur jafnframt í helstu bókaverslanir og kostar þar 3.600.

Rétt er að ítreka að geysilega mikilvægt er að foreldrar hafi þegar í stað samband við skólann, líði börnum þeirra ekki vel í skólanum.

89 %

Frábær þátttaka er hjá nemendum í mat hér í skólanum það sem af er skólaári.

Alls eru nú 9 af hverjum 10 nemendum skráðir í mat sem er auðvitað frábært.

Nýr matráður, Þröstur Harðarson, ræður ríkjum í mötuneyti skólans og honum til halds og traust eru þær Sigurlaug Gunnarsdóttir og Sigríður Pálsdóttir.

Það sem af er skólaári hafa stjórnendur fengið mikið af jákvæðum viðbrögðum með matinn hjá okkur í Áslandsskóla sem er auðvitað alltaf gaman.

Verði ykkur að góðu.

Brunaæfing

Á næstunni verður brunnaæfing í Áslandsskóla. Farið verður yfir helstu öryggisþætti eins og t.d. hvar bekkir skulu safnast saman er út er komið o.s.frv.

Vímuefnarannsókn

Skólanum bærust nýlega niðurstöður úr árlegri vímuefnarannsókn sem Rannsókn & greining vinnur fyrir Hafnarfjarðarbæ og fleiri sveitarfélög.

Niðurstöður fyrir Áslandsskóla verða kynntar í tengslum við fræðslufund fljótlega á skólaárinu.

Nánar síðar.

Danir í heimsókn

Árlega kemur fjöldi innlendra sem erlendra gesta til okkar í Áslandsskóla til að kynna sér ýmislegt í starfsemi skólans.

Oftar en ekki er það starf okkar í tengslum við SMT skólafærni sem við erum beðin um að kynna sérstaklega enda slíkt starf tekist einstaklega vel hér í skólanum.

Þann 26. september er von á góðum gestum til okkar. Þetta er frekar stór hópur eða um 46 manns. Hópurinn sem er blandaður samanstendur m.a. af, skólastjórum, stjórnendum frístundaheimila, kennurum og starfsfólki frá skólaskrifstofu (sálfræðingar, sérkennslufólk og PMT meðferðaraðilar).

Við í Áslandsskóla fögnum alltaf góðum gestum enda gaman þegar okkar góða starfi er veitt athygli.

Vinastaður

Í undirbúningi er að mála skólamerkið á skólalóðina á ákveðnum stað og mun sá staður hafa hlutverk VINASTAÐAR.

Vinastaður er staður fyrir nemendur sem vantar leikfélaga í frímínútum. Nemendur sem vantar leikfélaga í frímínútum geta komið á vinastaðinn og fundið sér aðra til að leika við (í þeim frímínútum)

Skipulagsdagur

Eins og getið var um í fyrsta Flórgoða skólaársins þá er skipulagsdagur í Áslandsskóla þriðjudaginn 25. september n.k.

Þann dag vinnur starfsfólk að skipulagsstörfum en nemendur eru í fríi.

PABBI ! MAMMA !

PINN ÁHUGI SKIPTIR MÁLI

Kæru foreldrar / forráðamenn

Getur verið að þú sem foreldri gætir staðið þig betur við að aðstoða barn þitt til að ná betri árangri í skólanum ásamt því að auka vellíðan barnins og fækka neikvæðum hegðunarfrávikum?

Fjöldi erlendra rannsókna hefur sýnt fram á að áhugi og þátttaka foreldra í námi barna sinna hjálpar mikið til við árangur og vellíðan þeirra, burtséð frá tekjum eða menntunarlegum bakgrunni foreldra.

Þátttaka foreldra þarf ekki að vera flókin og þaðan af síður þarf ekki að vera erfitt að koma henni við. Aðstoð við heimanám eða lestur í bók fyrir háttatíma eru gott dæmi um slíkt. Mæting á foreldradaga eru auðvitað nauðsynlegur hluti en það að sýna fræðslufundum, kaffisþjalli og uppákomum ýmiss konar áhuga hefur líka mikið að segja. Virkni foreldra og áhugi er geysilega mikilvægur þáttur þó maður þurfi ekki endilega að vera í stjórn foreldrafélags eða sitja í ráðum eða nefndum. Svo framarlega sem maður sýni menntun og skólastarfinu áhuga og virðingu eykur það líkurnar á því að barnið geri það líka.

Betri árangur

Börn foreldra sem sýna náminu áhuga og taka þátt í því með barninu ná yfirleitt betri árangri. Þau fá oft betri vitnisburð og framfarir þeirra verða oftast meiri. Því meiri sem

virkni foreldranna er þeim mun meiri verður ávöxtur barnanna. Fjölmargar rannsóknir hafa sýnt fram á þetta og í þeim var sérstaklega mikill munur á framförum í lestri og stærðfræði.

Jákvæðari hegðun

Börn öðlast betri samskiptahæfni og sýna jákvæðari hegðun þegar foreldrar þeirra taka þátt í skólastarfi. Einnig hefur verið sýnt fram á að fjarvistir þessara barna eru færri, þau trufla minna í kennslustundum og eru líklegri til að skila heimavinnu. Ein rannsókn sýndi sérstaklega fram á fylgni milli áhuga feðra á skólastarfi og áhuga, virkni og jákvæðrar hegðunar barna þeirra.

Aukin gæði náms

Rannsóknir hafa sýnt fram á að þátttaka foreldra í skólastarfi eykur allt í senn gæði skólastarfs, skólabrag, metnað fyrir kennslu og orðspor skóla í samfélaginu. Sýni foreldrar aukin áhuga fá þeir aukna virðingu starfsfólks skólans sem eykur einnig væntingar starfsmanna til nemenda. Þátttaka foreldra hefur einnig langtímaáhrif. Börn áhugasamra foreldra halda frekar áfram námi að loknum grunn- og framhaldsskóla.

Aukið sjálfstraust

Þegar börn finna aukin áhuga á skólastarfi heima fyrir öðlast þau jákvæðara hugarfar gagnvart

skólanum, fá aukið sjálfstraust og leggja meira upp úr því að ná árangri í námi. Börn áhugasamra foreldra fá frekar öryggis tilfinningu innan skóla sem utan.

Hagur foreldra

Þegar foreldrar sýna námi barna sinna aukin áhuga fá þeir betri sýn á skólastarfið, aukið sjálfstraust sem foreldri í foreldrahópi skólans og auka um leið færni sína við að aðstoða barnið sitt. Þá hafa rannsóknir sýnt fram á að slíkir foreldrar eru einnig líklegri til að sækja sér frekari menntun.

Það er auðvelt að taka þátt. Það þarf ekki að leggja á sig mörg hundruð klukkustundir í sjálfboðaliðastarfi til að árangur náist. Fáar stundir á hverju skólaári skipta máli. Ef þú hins vegar ert aflögufært og áhugasamt foreldri er alveg ljóst að skólinn og foreldrafélagið hefur færi á að virkja áhuga þinn.

Skólakveðja

Leifur S. Garðarsson

Skólastjóri



Starfsfólk

Eins og getið var um á forsiðu fyrsta Flórgoða vetrarins hafa verið nokkrar breytingar á starfsliði skólans undanfarið.

Þannig hafa þau Ásta Margrét Eiríksdóttir, Magnús Kár Óttarsson og Sandra Dögg Friðriksdóttir bæst í skólaliðahópinn.

Guðbjörg Sigþórsdóttir og Ásta Raket Hafsteinsdóttir hafa síðan bæst í hóp stuðningsfulltrúa.

Fáar breytingar eru á kennaraliðinu en þar hafa komið til liðs við okkur Unnur Sæmundsdóttir í myndmennt, Bryndís Eva Ásmundsdóttir í samfélagsfræði, Margrét B. Gunnarsdóttir og Andrea Helga Sigurðardóttir í 1. bekk og Halldór Jón Sigurðsson í sund.

Fréttir úr Trölllaheimum

Í síðustu viku fengum við í Trölllaheimum tvær aukastofur á annarri hæð í skólanum sem við höfum afnot af fyrir okkar starfsemi. Við ákváðum að skipta hópnum upp þannig að 1. bekkur fer upp eftir hressingu og er á því svæði til kl 16:00. Þetta hefur nýst vel bæði í leik og starfi.

Kórinn hóf starfsemi sína í síðustu viku og gekk það vel, Díana kemur og sækir stóran hluta af 1.- og 2. bekk á mánudögum og svo eru 3.- og 4. bekkur á miðvikudögum.

Á dagskrá Trölllaheima er að útbúa sýnilegt og skýrt valkerfi sem unnið verður með eftir hressingu.

Þriðjudaginn 25. september er skipulagsdagur í Áslandsskóla en á slíkum dögum er boðið uppá vistun í Trölllaheimum frá kl 08:00 til 17:00. Fyrir starfsdaga er greitt sérstaklega og kostar klukkustundin 300 krónur. Á skipulagsdögum þurfu allir að koma með nesti að heiman fyrir allan daginn. Skráning fer fram í Trölllaheimum en einnig er hægt að senda tölvupóst á holmarfreyr@hafnarfjordur.is

Það er mjög mikilvægt að þeir foreldrar/forráðamenn sem ætla að nýta sér vistun þennan dag séu búin að skrá fyrir lokun föstudaginn 21. september.

Hlaupið til góðs

Líkt og undanfarin ár hljóp fjöldi starfsmanna Áslandsskóla í Reykjavíkumaraþoni í ágúst. Hefð hefur verið fyrir því undanfarin ár að starfsmenn hlaupa til góðs og styrkja Íþróttafélagið Fjörð hér í bæ með áheitasöfnun í tengslum við hlaupið.

Starfsmenn hlupu ýmisst 10km eða hálf t maraþon (21,5km) og árangurinn auðvitað framúrskarandi. Vel er tekið eftir þessu framtaki Áslandsskóla enda hópurinn vel merktur í eins keppnistreyjum. Gaman var einnig að sjá þann fjölda nemenda og foreldra sem hlupu í hlaupinu í ár.



Kríuási 1
221 Hafnarfirði

Sími: 585 4600
Bréfsími: 585 4610
www.aslandsskoli.is
aslandsskoli@aslandsskoli.is

www.aslandsskoli.is

FLÓRGÓÐINN

Fréttablað Áslandsskóla

Ábyrgð, hönnun, umbrot og skrif:

Leifur S. Garðarsson
skólastjóri